

Sagan hennar Söndru

Nafn

Dagsetning

Leiðbeiningar

Lesið söguna um Söndru hér að neðan, ræðið svo spurningarnar við bekkjarfélaga og skrifið svo ykkar svör.

Sandra er að skipuleggja afmælisveisluna sína. Foreldrar hennar segja að hún megi aðeins bjóða 15 krökkum, þannig hún getur ekki boðið öllum sem hana langar að bjóða. Tveimur krökkum er ekki boðið, Jónu og Mæju. Þær heyra af afmælinu og að þeim sé ekki boðið. Þær ákveða því að segja ljóta hluti um Söndru á netinu með því að nota nafnlausar athugasemdir.

„Sandra er svo glötuð, hver myndi fara í þetta ógeðslega hús sem hún býr í?“

„Ég heyrði að Sandra ætlaði að vera með grænmeti en ekki köku, hversu ógeðslegt!“

„Sandra er svo leiðinleg, ég veit ekki um neinn sem myndi vilja fara í afmælið hennar.“

Þær hvetja krakkana sem var boðið í afmælið að koma með fleiri ástæður af hverju Sandra er leiðinleg og segja þeim að fara ekki í afmælið. Þegar Sandra sér öll skilaboðin sem var skrifað um hana fær hún kvíðahnút í magann. Henni líður illa og verður vandræðaleg. Hún veit ekki hver er að skrifa þessi skilaboð. Hún segir foreldrum sínum að hún sé veik svo hún þurfi ekki að fara í skólann næsta dag og íhugar að hætta við afmælisveisluna.

1. Í þessu atviki, hver er í hverju hlutverki?

Þolandi	Gerandi	Áhorfandi eða verndari
Sandra	Jóna og Mæja	Aðrir vinir Söndru sem voru í veislunni.

2. Ef þú værir Sandra, hvernig myndi þér líða í þessum kringumstæðum? Myndi þér líða eins eða öðruvísi en Söndru? Af hverju?

Mismunandi svör.

Sagan hennar Söndru

Nafn

Dagsetning

3. Af hverju heldur þú að Jóna og Mæja gerðu það sem þær gerðu? Væri hægt að breyta einhverju eða gera eitthvað annað svo þær myndu ekki haga sér eins og þær gerðu?

Jóna og Mæja höguðu sér svona því þeim fannst þær vera útundan. Þær voru sennilega reiðar eða skömmuðust sín af því þeim var ekki boðið. Sandra hefði sennilega átt að útskýra fyrir þeim í byrjun af hverju hún gæti ekki boðið þeim.

4. Ef þú værir Sandra, hvað myndir þú gera til þess að reyna stoppa einelti á netinu?

Ekki svara eða bregðast við. Ef þú ert reið/ur og svarar þá gætir þú sagt hluti sem þú sérð eftir.

Gerendur vilja oft bara fá viðbrögð frá þér.

Blokkaðu gerendur ef þú færð ljót skilaboð á netinu. Blokkaðu gerandann líka á vinalistanum.

Ekki hika við að tilkynna gerendur. Mörg öpp og vefsíður bjóða upp á leiðir til að tilkynna um neteinelti. Vefsíðan gæti blokkað eða sett gerandann í bann.

Taktu skjáskot af skilaboðunum. Vistaðu eða taktu skjáskot af skilaboðum. Þetta gæti verið mikilvæg sönnun ef neteineltið hættir ekki, sem þú getur sýnt foreldrum þínum eða fullorðnum sem þú treystir.

Talaðu við vin, ef einhver lætur þér líða illa, þá gæti að hjálpað að tala við vin.

Segðu einhverjum fullorðnum sem þú treystir frá. Með því að segja fullorðnum frá, eins og foreldri, fjölskyldumeðlimi, kennara, námsráðgjafa er ekki það sama og að klaga. Með því að gera það þá ertu bara að standa með sjálfum þér.

5. Ef þú værir vinur Söndru, hvernig gætir þú verið verndari hennar í þessu atviki?

Hafðu samband við hana til að athuga hvernig henni líður og hlustaðu á hana.

Láttu kennara, þjálfara, foreldri eða einhvern fullorðinn sem þú treystir vita.

Sagan hennar Söndru

Nafn

Dagsetning

Hvettu Söndru til að bregðast ekki við skilaboðunum frá Jónu og Mæju.

Hvettu Söndru til að hunsa neikvæð skilaboð.